

## Raunfærnimat

Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunverulegri færni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur öðlast t.d. með starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi.

Markmiðið er að einstaklingur fái viðurkennt það sem hann kann í raun og veru og þurfi ekki að sækja nám í efni sem hann þegar kann. Raunfærnimat til styttingar á námi miðar að því að meta raunfærni sem jafngilda námsáfangu eða hluta af námsáfangu og skipuleggja nám einstaklingsins með tilliti til raunfærni hans. Raunfærnimat er ekki gjaldfelling náms á nokkurn hátt. Allir þátttakendur fara í gegnum sameiginlegt matsferli og fá viðtöl og eftirfylgni náms- og starfsráðgjafa.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi í samstarfi við Iðuna fræðslusetur býður upp á raunfærnimat í iðngreinum fyrir þá sem hafa starfað við iðngrein án þess að hafa lokið sveinsprófi. Skilyrði fyrir raunfærnimati í iðngrein eru a.m.k. 5 ára staðfestur vinnutími í greininni og að viðkomandi sé orðinn 25 ára.

Þeir sem uppfylla þessi skilyrði og hafa áhuga á raunfærnimati er bent á að hafa samband við Símenntunarmiðstöðina í s. 437-2390 eða senda tölvupóst á [bjorn@simenntun.is](mailto:bjorn@simenntun.is)